

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 323/2022

2023/EES/48/34

frá 9. desember 2022

um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 frá 14. mars 2019 um að koma á fót sameiginlegu námsprófi fyrir skíðakennara skv. 49. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 38, 11.2.2020, bls. 39.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/958) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„1d. **32019 R 0907**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 frá 14. mars 2019 um að koma á fót sameiginlegu námsprófi fyrir skíðakennara skv. 49. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtið. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 7), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 38, 11.2.2020, bls. 39.“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/907, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 38, 11.2.2020, bls. 39, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kristján Andri Stefánsson**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 7.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.